

Ár 2006, fimmtudaginn 2. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, tekið fyrir mál nr:

S-410/2006:

Ákærvaldið

(Gunnar Örn Jónsson)

gegn

Jóhanni Arnari Jóhannssyni

(Sigurður Jónsson hrl.)

og uppkveðinn svofelldur:

d ó m u r :

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 16. október sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 2. júní 2006 á hendur Jóhanni Arnari Jóhannssyni, kt. 000000-0000, Hafnarbergi 12a, Þorlákshöfn, „fyrir líkamsárásir með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 12. nóvember 2005, móts við Setberg 7, Þorlákshöfn, slegið Brynjólf Magnússon, kt. 000000-0000, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að tennur 31, 32 og 41 brotnuðu.“

Ákærvaldið telur brot ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, sbr. 111. gr. laga nr. 82/1998.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af refsikröfunni, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist málsvarnarlauna.

Málsatvik

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að óskað hafi verið eftir aðstoð lögreglunnar vegna líkamsárásar framan við hús að Setbergi 8, Þorlákshöfn.

Í skýrslunni segir að lögreglumenn hafi komið á staðinn skömmu síðar og hitt árásarþola á heimili hans að Setbergi 9 ásamt móður hans og vitninu Örvari. Hafi Brynjólfur skýrt svo frá að hann hafi verið á skólaballi á Selfossi fyrir um nóttina. Þar hafi hann gengið á milli og komið í veg fyrir að ákærði næði að lemja frænda hans, Erling fyrir eitthvað sem Erlingur hafði ekki gert. Hafi það farið eitthvað fyrir brjóstið á ákærða að Brynjólfur skyldi hafa afskipti af því máli. Þegar þeir hafi komið til Þorlákshafnar eftir ballið kvaðst Brynjólfur hafa farið úr rútunni ásamt félögum sínum þeim Örvari, Eyþóri Almar og Ingva Þór og hafi þeir gengið áleiðis heim. Þegar þeir hafi verið fyrir framan húsið við Setberg 8 hafi þeir mætt ákærða sem kom úr gagnstæðri átt. Hafi ákærði viljað ræða afskipti Brynjólfs frá því fyrir um kvöldið og kvaðst Brynjólfur hafa sagt ákærða að Erlingur hafi ekki átt neina sök á því sem gerðist á ballinu. Hafi ákærði þá slegið Brynjólf eitt högg í andlitið sem kom beint á munninn og kvaðst Brynjólfur strax hafa fundið mikin sársauka og að tennur voru lausar og brotnar. Brynjólfur kvaðst hafa sagt við ákærða að hann myndi að hann hefði brotna tönn eftir höggið en ákærði hafi þá svaraði því til hvort hann vildi fleiri brotnar tennur? en síðan hafi ákærði gengið á brott.

Ákærði, Jóhann Arnar Jóhannsson gaf skýrslu hjá lögreglu 16. nóvember 2005.

Skýrir hann svo frá að hann hafi verið að verjast árás frá Brynjólfi Magnússyni og Örvari Halldóri Unnpórssyni með því að sveifla vinstri hendi sinni aftur fyrir sig og handarbakið hafi lent einhvers staðar í Brynjólfi. Sagði hann aðdragandann að þessu máli vera með þeim hætti að hann hafi verið á skólaballi sem haldið var á Selfossi. Hann hafi farið með vinum sínum frá Þorlákshöfn að Selfossi en með rútu frá Selfossi til Þorlákshafnar. Hann kvað Brynjólf, Örvar og annan til, hafa lagt sig í einelti á ballinu með alls konar hrópum, köllum og hrindingum. Meðal annars kvað hann þá hafa kallað sig öryrkja. Ákærði kvað þá hafa meðal annars verið að fá aðra til að ráðast á hann. Eftir að hann hafi komið í rútna kvaðst hann hafa sest rétt fyrir framan miðju og setið einn í sætaröðinni. Á leiðinni kvaðst hann hafa fengið hálfslitra plastflösku í höfuðið. Hann kvað flöskuna hafa komið aftan úr rútunni og höggið verið þungt en eitthvað hafi verið í flöskunni.

Ákærði kvaðst hafa staðið upp og spurt hver hefði gert þetta en ekki fengið neitt svar. Ákærði hafi þá sest niður og í því hafi Brynjólfur komið með þvílíkum æsingi og óskrað á hann að þeir hafi ekki gert það og að engri flösku hafi verið kastað. Ákærði kvaðst hafa séð að þegar hann stóð upp, strax eftir að hann fékk flöskuna í höfuðið, hafi Erlingur Ævarr Brynjólfsson frændi Brynjólfs verið að setjast niður í sætið og því hafi hann verið viss um að Erlingur hafi kastað flöskunni. Ákærði kvað Brynjólf og Örvar hafa farið út úr rútunni við Sambyggð í Þorlákshöfn en ákærði kvaðst hafa haldið áfram og farið út rétt seinna. Hann kvaðst hafa ætlað að ganga til að sækja bifreið sína sem hann hafði skilið eftir þar um slóðir um kvöldið. Rétt eftir að ákærði var kominn út úr rútunni kvaðst hann hafa séð Brynjólf og Örvar koma hlaupandi í átt að honum og kvaðst hafa stoppað. Hann kvað þá hafa þegar ráðist að honum og byrjað að hrinda honum og slá í hægri öxl hans þar sem hann er mjög viðkvæmur eftir slys sem hann lenti í. Kvað hann Brynjólf hafa slegið til hans en höggið geigað. Hann kvað Brynjólf hafa ýtt framan

á bringu hans og þá kvaðst ákærði hafa slegið á hendi Brynjólfs og ýtt henni niður og frá sér. Síðan kvaðst hann hafa snúið sér við frá Brynjólfi og snúið baki í hann og um leið lift vinstri hendi í axlarhæð og sveiflað lauslega hendinni aftur fyrir sig og þá viljað svo til að handarbakið hafi komið í Brynjólf. Ákærði kvað það alls ekki hafa verið ætlun hans að slá eða meiða Brynjólf heldur hafi það verið óhapp að hendingin hafi slæmst í hann. Ákærði kvaðst hafa verið ódrukkinn en Brynjólfur og Örvar hafi verið undir áfengisáhrifum þegar þetta gerðist. Ákærði kvaðst hafa verið þarna að verjast árás frá Brynjólfi og Örvari en þeir og fleiri hafi um langt skeið lagt hann í einelti og kveðið svo rammt að því að ákærði kvaðst hafa orðið að leita sér aðstoðar fagaðila. Ákærði kvaðst hafa sent Brynjólfi smáskilaboð í farsíma hans daginn eftir og beðið hann afsökunar á að hafa lent í þessum leiðindum og boðist til að bæta það tjón sem hafi orðið af hans völdum. Nú þegar lögregluskýrslan er tekin sé hann ekki reiðubúinn að taka þátt í kostnaði vegna tannviðgerða hjá Brynjólfi. Ákærði kvaðst finna til eymsla í hægri öxl eftir að Brynjólfur og Örvar ýttu harkalega á hana. Ákærði kvaðst hafa hlaupið af vettvangi þegar að Brynjólfur hafi hringt í vini sína í þeim tilgangi að fá þá á staðinn en Eyþór og Ingvi sagt það vera óþarfa þar sem þeir væru tveir að ráðast á ákærða sem væri bara einn.

Í lögregluskýrslu sem Brynjólfur gaf hjá lögreglu þann 14. nóvember 2005 segir hann að aðfararnótt síðast liðinn laugardag um kl. 05.00 hafi ákærði veitt honum eitt hnefahögg í andlitið fyrir utan Setberg 7 í Þorlákshöfn sem sé næsta hús við heimili Brynjólfs. Afleiðingar þessa kvað Brynjólfur hafa verið að þrjár framtennur í neðri góm og ein í efri góm brotnuðu. Aðdraganda árásarinnar kvað Brynjólfur hafa verið með þeim hætti að hann hafi verið í rútu á leið af skólaballi. Í rútnni hafi ákærði einnig verið og félagar Brynjólfs, Örvar Halldór Unndórsson, Ingvi Þór Þráinsson og Eyþór Almar Sigurðsson. Sagði Brynjólfur að í rútnni hafi ákærði ætlað að ráðast á frænda hans, Erling Kristinn Ævarr Hjörleifsson fyrir að hafa kastað í ákærða flösku sem ekki hafi verið reyndin. Brynjólfur kvaðst hafa reynt að róa ákærða en orðaskipti hafi átt sér stað milli hans og ákærða í rútnni út af þessu. Sagði Brynjólfur í skýrslunni að hann, Eyþór, Ingvi og Örvar hafi farið úr rútnni á horni Sambyggðar og Selvogsbrautar og gengið áleiðis heim. Þegar þeir voru á móts við Setberg 7 hafi ákærði komið á móti þeim. Þá hafi ákærði gengið að honum og farið að tala um atvikið í rútnni. Einverjar stimpingar áttu sér stað á milli þeirra sem lauk með því að ákærði sló óvænt eitt hnefahögg á munn Brynjólfs en hann hafi ekki náð að verjast högginu. Sagði Brynjólfur að ákærði hafi yfirgefið staðinn strax eftir að hafa veitt honum hnefahöggið. Næsta dag hafi ákærði sent Brynjólfi smáskilaboð í síma sinn þar sem hann hafi beðist afsökunar á að hafa gert þetta og boðist til að greiða kostnaðinn. Brynjólfur sagðist hafa farið um hádegi á laugardeginum til Bjarna Sigurðssonar tannlæknis í Faxafeni 11 í Reykjavík þar sem framkvæmd var bráðabirgðaviðgerð. Ætti hann eftir að fara í frekari aðgerðir hjá Erni Ernst Gíslasyni tannlæknis.

Eyþór Almar Sigurðsson, kt. 000000-0000, Setbergi 14, Þorlákshöfn, gaf skýrslu hjá lögreglu þann 22. nóvember 2005. Sagði hann svo í skýrslunni að hópur unglinga úr Þorlákshöfn hafi verið á leið í rútu af skólaballi sem haldið var á Selfossi. Hafi hann verið í rútnni ásamt ákærða, Brynjólfi, Erlingi Ævarr, Ingva Þór, Örvari Halldór, Davíð og fleirum sem hann kvaðst ekki muna eftir. Á leiðinni hafi ákærði orðið eitthvað fúll vegna þess að einhver hafði kastað í hann síma, flösku eða einhverjum öðrum hlut. Hafi ákærði talið Erling hafa gert það. Eyþór kvaðst ekki hafa séð atvikið sjálfur og gæti því engu svarað um það. Þegar rútan var komin til Þorlákshafnar hafi Eyþór, Brynjólfur, Ingvi Þór og Örvar farið út á

móts við Sambyggð og gengið áleiðis yfir í Setberg. Jóhann hafi haldið áfram og farið út eitthvað lengra frá. Við hús nr. 7 við Setberg hafi þeir mætt ákærða. Kvað Eyþór að ákærði og Brynjólfur hafi farið að rífast og ýta hvor við öðrum. Þessu hafi lokið með því að ákærði mun hafa sveiflað annarri hendi og hún hafnað í andlitinu á Brynjólfi. Eyþór kvaðst hins vegar ekki hafa séð hvernig það gerðist en man að Brynjólfur tók strax fyrir munninn á sér og tók út úr sér brot úr tönn eða tönnum. Sagði Eyþór að þetta hafi verið einu átökin á milli ákærða og Brynjólfs.

Ingvi Þór Þráinsson, kt. 000000-0000, Lýsubergi 9, Þorlákshöfn gaf skýrslu hjá lögreglu sem vitni þann 22. nóvember 2005. Sagði hann aðdraganda þessa máls vera að hann og fleiri nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands úr Þorlákshöfn hafa verið á leið af dansleik á Selfossi heim til Þorlákshafnar. Á leiðinni hafi ákærði sakað frænda Brynjólfs, Erling Ævarr um að hafa kastað í hann síma. Ingvi kvaðst ekki hafa séð það atvik og geti ekki tjáð sig um það. Hann sagðist hafa heyrt ákærða segja í rútunni að hann ætlaði að berja Erling þegar þeir kæmu til Þorlákshafnar. Ingvi kvað Brynjólf hafa farið að tala við Jóhann til að láta hann vita að það hafi ekki verið Erlingur sem kastaði í hann. Ingvi sagði ákærða þá hafa lýst því yfir að hann ætlaði að berja Brynjólf þegar hann kæmi til Þorlákshafnar. Ingvi sagðist hafa farið út úr rútunni ásamt fleirum við Sambyggð og labbað yfir í Setberg. Sagði hann að ákærði hefði haldið áfram með rútunni en þegar þeir komu inn í Setberg og voru rétt hjá heimili Brynjólfs hafi þeir mætt ákærða. Sagði Ingvi að ákærði hefði byrjað á því að spyrja Brynjólf af hverju hann hafi verið að rífa kjaft við hann í rútunni. Hafi Brynjólfur svarað ákærða eitthvað á þá leið að hann hafi verið að verja Erling og koma því á framfæri að það hafi ekki verið Erlingur, sem hefði kastað í hann. Kvað Ingvi þetta hafa þróast út í það að þeir fóru að ýta hvor við öðrum, Brynjólfur og ákærði sem hafi lokið með því að ákærði sló Brynjólf hnefahögg í andlitið og kvaðst Ingvi hafa séð það. Ingvi kvað Brynjólf hafa sagt við ákærða að hann hefði brotið í honum tennur og kvaðst Ingvi hafa séð eitt brot í hendi Brynjólfs sem hann hafði tekið út úr sér. Sagðist Ingvi hafa séð þrjár brotnar tennur vinstra megin í neðri góm Brynjólfs. Sagði Ingvi að ákærði hefði farið af staðnum um einni til tveimur mínútum eftir að hann sló Brynjólf.

Örvar Halldór Unnþórsson, kt. 000000-0000, Vatnsstíg 19, Reykjavík gaf skýrslu hjá lögreglu þann 30. nóvember 2005. Greinir hann svo frá að umrædda nótt hafi hann og fleiri verið á leið í rútu til Þorlákshafnar af skóladansleik sem haldinn var á Selfossi. Á leiðinni gerðist það að farsíma á að hafa verið kastaði í ákærða sem sat þremur sætaröðum eða svo fyrir framan Örvar og félagu hans. Örvar sagðist ekki hafa séð það atvik sjálfur. Sagði hann að ákærði hafi staðið upp og snúið sér að þeim sem voru fyrir aftan og borið upp á Erling Ævarr, sem sat við hlið Örvars, að hafa kastað í hann flösku. Örvar kvað það hins vegar ekki hafa verið rétt hjá ákærða, enda hefði það ekki farið fram hjá honum ef Erlingur hefði kastað einhverju í ákærða. Fór svo að frændi Erlings, Brynjólfur Magnússon hafi tekið upp hanskann fyrir Erling og látið ákærða vita að hann hefði rangt fyrir sér varðandi ásökun hans í garð Erlings. Örvar sagði að Brynjólfur og ákærði hefðu rifist um stund. Sagði Örvar svo að hann, Brynjólfur, Erlingur, Eyþór Almar og Ingvi Þór hefðu ásamt fleiri krökkum farið út úr rútunni á Selvogsbraut á móts við Sambyggð en gæslumenn sem voru í rútunni hafi ekki leyft ákærða að fara út úr rútunni á sama stað og því hafi ákærði haldið áfram með rútunni. Sagði Örvar að hann, Brynjólfur, Eyþór og Ingvi hefðu gengið inn í Lyngberg og þaðan yfir í Setberg í átt að heimili Brynjólfs. Þegar þeir voru að koma að heimili Brynjólfs sáu þeir ákærða koma gangandi á móti þeim. Örvar kvað ákærða hafa byrjað að rífast í þeim og þá

hefði Ingvi gengið að ákærða og sagt við hann „æi hættu þessu” en ákærði brugðist við með því að hrinda Ingva frá sér. Upp úr því hafi þeir Brynjólfur og ákærði farið að rífast út af atvikinu í rútunni. Örvar kvaðst hafa séð þá ganga framan að hvorum öðrum og ákærði ýtt við Brynjólfi sem ýtti til baka framan á ákærða. Örvar kvað þá hafa séð ákærða með krepptum hnefa slá í andlit Brynjólfs og „smell hitt” framan á munninn í sama mund og Brynjólfur hafi verið að segja eitthvað. Sagði Örvar þetta hafa verið eina höggið sem ákærði veitti Brynjólfi. Sagði hann að þá hafi verið ljóst að tennur höfðu brotnað í Brynjólfi. Kvað hann að ákærði hefði farið í burtu upp úr því.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði, Jóhann Arnar hélt við fyrri framburði sinn hjá lögreglu og sagðist hafa í umrætt sinn hafa slengt vinsti hendinni til hliðar eða aftur fyrir sig og virðist hendin þá hafa lent á Brynjólfi. Sagði hann aðdragandann að átökunum vera að Erlingur Ævarr, Brynjólfur og Örvar hafi verið að ýta við honum á ballinu og í rútunni hafi flösku verið kastað í hann. Erlingur Ævarr hafi hent flöskunni, hann hafi séð það en lítill vökvi var í henni. Sagði hann að Brynjólfur hafi þá ráðist að honum, æst sig og verið að verja Erling. Sagði hann að þeir félagarnir hafi farið úr rútunni í Þorlákshöfn við blokkirnar en hann hafi farið síðar úr rútunni, hann hafi ætlað að sækja bílinn sinn sem staðsettur var á horninu rétt þar sem átökin áttu sér stað. Á horni Selvogsbrautar og Sambyggðar hafi félagarnir farið út, gengið göngustíg upp á Setberg en hann hafi farið út á horni Selvogsbrautar og Setbergs. Hafi félagarnir komið að Setbergi af göngustígnum, en hann hafi gengið eftir Setbergi svo þeir hafi mæst á Setbergi. Bifreið hans hafi verið neðar á öðrum gatnamótum í Setberginu. Þegar leiðir þeirra lágu saman sagði ákærði að þeir hefðu aftur farið að rífast um atvikið í rútunni og Brynjólfur og Örvar hafi báðir ýtt við honum. Örvar hafi ýtt við sér, ekki slegið sig en ýtt á hægri öxlina á sér. Brynjólfur hafi reynt að slá sig en ekki hitt, ákærði hafi ýtt hendinni á Brynjólfi frá, snúið sér við eða undan Brynjólfi, um 180 gráður og slegið afturfyrir sig frá sér og hendin hafi lent einhverstaðar í Brynjólfi. Hafi þetta verið lauslegt og gert með vinstri hendi hans og verri höndinni, það sé verri höndin því hann sé rétthentur. Aðspurður um það hvort hann hafi orðið var við afleiðingar af þessu höggi sagðist hann ekki hafa séð neinar afleiðingar. Sagði hann að Brynjólfur hafi, eftir að hann danglaði í Brynjólf, hringt mörg símtöl í féлага þeirra og ætlað að fá vini sína til að berja ákærða. Hann hafi ekki orðið var við neitt sem bent gæti til þess að Brynjólfur hafi orðið fyrir tjóni. Um tvær mínútur hafi liðið frá því að höggið átti sér stað og þar til að hann fór af staðnum. Hann hafi litið á Brynjólf á þessum tíma en ekki séð að hann hafi kveinkað sér neitt eða séð neitt á honum. Hann staðfesti að hafa sent Brynjólfi smáskilaboð deginum eftir og sagt að ef hann hafi brotið í honum tennur þá væri hann tilbúinn að greiða kostnað vegna tjónsins. Ákærði segist ekki hafa greitt neinn kostnað, Brynjólfur hafi hafnað því, hann hafi bara viljað að málið færi fyrir dóm. Ákærði segir Örvar hafa tekið þátt í árásinni á sig, Örvar og Brynjólfur séu vinir og hafi verið tveir á móti honum. Örvar hafi ýtt við sér, þeir hafi í raun verið báðir utan í sér. Hann hafi ekki verið með fullt jafnvægi þegar hann sló frá sér, hann hafi ekki ætlað sér að slá Brynjólf.

Brynjólfur Magnússon kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem vitni. Sagði Brynjólfur aðdragandann vera þann að hann hafi verið á dansleik umrætt kvöld. Hann hafi verið ölvaður og muni ekki vel eftir öllum atburðum á dansleiknum. Þegar hann hafi komið inní rútuna eftir dansleik þá hafi verið ágreiningur í rútunni

milli ákærða og Erlings en Brynjólfur hafi sest niður hjá ákærða og reynt að róa hann niður. Síðan hafi hann heyrt að Erlingur hafi ekki átt sök á flöskukastinu og hafi þá æst sig við ákærða. Hann hafi hins vegar ekki séð þegar meintri flösku var hent í ákærða, þetta hafi hins vegar ekki verið flaska heldur sími að því er honum hafði verið tjáð, hann hafi ekki séð atburðinn sjálfur. Þeir hafi síðan farið til Þorlákshafnar og farið úr rúttunni á gatnamótum Sambyggðar og Selvogsbrautar en Jóhann hafi farið lengra með rúttunnu. Hafi þeir gengið upp Selvogsbrautina og upp Setbergið og mætt ákærða á móts við Setberg 7. Ákærði hafi líklega farið úr rúttunni á seinni gatnamótum Setbergs/Setbergs, áður en komið er að Lýsubergi en þar sé rúttustopp. Brynjólfur sagðist hafa verið á leiðinni heim til sín að Setbergi 9. Þeir félagarnir hafi verið settir út á fyrrgreindum gatnamótum vegna deilna þeirra félaga og ákærða í rúttunni en ákærða gert að fara úr rúttunni annars staðar af gæslumanni sem hafi verið í rúttunni.

Brynjólfur segir að þegar þeir hafi hist þá hafi hann og ákærði farið að deila um það hvað gerðist í rúttunni. Ákærði hafi slegið til sín og hann hafi fundið mikinn sársauka strax og tekið um munninn. Ákærði hafi slegið sig eitt hnefahögg sem kom á neðri kjálka. Ákveðið var að hringja í lögregluna en Örvar hafi hringt í Davíð og annan féлага þeirra en ákærði hafi þá farið af vettvangi. Sagði Brynjólfur að áður en ákærði sló sig þá hafi hann ýtt við ákærða. Hann sagðist hafa fengið smáskilaboð í síma sinn daginn eftir þar sem ákærði baðst afsökunar og bauðst til að greiða kostnað vegna tannbrotanna.

Daginn eftir hafi Brynjólfur farið til tannlæknis. Um margar ferðir hafi verið að ræða til tannlæknis en það hafi þurft að smíða í sig þrjár krónur og lagfæra eina tönn í efri góm. Það kom fram hjá vitninu að tveir gæslumenn hafi verið í rúttunni í umrætt sinn.

Ingvi Þór Þráinsson kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem vitni. Sagðist hann ekkert muna eftir umræddum dansleik, langt sé um liðið. Hann sagðist muna eftir rúttuferðinni til Þorlákshafnar. Ágreiningur hafi verið í rúttunni um síma sem Erlingur hafði átt að kasta í höfuðið á ákærða. Hann hafi ekki séð atvikið en hann hafði heyrt af því. Hann sagðist hafa heyrt að ákærði hafði í hótunum um að berja Erling. Brynjólfur hafi reynt að sjatla málin en vitnið mundi ekki til þess að ákærði hafi haft í hótunum við Brynjólf. Sagði vitnið að hann hafi farið úr rúttunni á Setberginu en félagar hans hafi farið út á gatnamótum Sambyggðar og Selvogsbrautar. Hann taldi að ákærði hefði farið út á sömu gatnamótum og félagar hans. Hann var þó ekki viss, hann mundi ekki til þess að hafa séð ákærða í rúttunni þegar hann fór sjálfur úr rúttunni en Eypór hafi farið úr rúttunni á sama stað og hann sjálfur, þ.e. á Setberginu. Þegar hann kom úr rúttunni þá sá hann ákærða, Örvar og Brynjólf vera fyrir utan heimili Brynjólfs. Vitnið heyrði að þeir voru að ræða um atvikið þegar símanum var kastað í ákærða í rúttunni. Síðan hafi hann séð Brynjólf ýta við ákærða og þá hafi ákærði slegið Brynjólf. Örvar hafi staðið við hliðina á Brynjólfi á þessum tíma. Sagðist hann hafa séð hnefahöggið sem lenti í andliti Brynjólfs. Ákærði og Brynjólfur hafi snúið á móti hvorum öðrum þegar höggið átti sér stað.

Örvar Halldór Unndórsson mætti fyrir dóminn og gaf skýrslu sem vitni. Kvaðst hann muna vel eftir heimferðinni í rúttunnu en hann hafi setið við hliðina á Erlingi. Síma hafi verið kastað í ákærða og ákærði sakað Erling um það. Brynjólfur hafi þá skorist í leikinn og tekið upp hanskan fyrir Erlingi. Vitnið sagði að síma sem

kastað var í ákærða hafi farið fram hjá höfðinu á honum sjálfur en einhver fyrir aftan sig hafi kastað honum. Þegar þeir komu til Þorlákshafnar hafi þeir félagarnir farið úr rútunni á gatnamótum Sambyggðar og Selvogsbrautar. Hann var þó ekki viss með Eyþór og Ingva, auk ákærða þeir hafi farið annars staðar úr rútunni. Ákærði hafi farið út úr rútunni á Setbergi, hann hafi þó ekki séð hann fara út, en hann hafi komið gangandi á móti þeim félögum þegar þeir voru að koma á móts við heimili Brynjólfs að Setbergi 7 Þorlákshöfn. Vitnið lýsti upplifun sinni. Ákærði hafi komið á móti þeim, ákærði hafi ýtt við Brynjólfi sem ýtti á ákærða á móti. Þá hafi ákærði slegið Brynjólf í beinu framhaldi en þeir hafi staðið beint á móti hvorum öðrum. Sagðist vitnið hafa staðið við hlið Brynjólfs þegar höggið átti sér stað og séð það. Vitnið sagði að þeir hafi allir verið að rífast á þessum tímamarki en eingöngu Brynjólfur og ákærði hafi verið að ýta hvorum öðrum. Áður en ákærði yfirgaf vettvang hafi hann viðhaft þau orð að hann gæti „muffað“ hann líka. Örvar sagðist hafa hringt í félag sína í þeim tilgangi að fá þá á staðinn en ákærði hafi þá yfirgefið vettvang. Örvar upplýsti að hann hafi verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld.

Eyþór Almar Sigurðsson kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem vitni. Sagðist vitnið lítið muna eftir dansleiknum sjálfum, hann hafi verið undir áhrifum áfengis auk þess að langt væri um liðið. Hann mundi þó eitthvað eftir heimferðinni í rútu. Hann mundi til þess að einhverju hefði verið kastað í ákærða, hann hafði heyrt það í rútunni en atburðinn sjálfan sá hann ekki. Hann sá þó ákærða standa upp í rútunni og spyrja hver hefði gert þetta. Hann mundi ekki hvort frekari eftirmálar urðu í rútunnu af þessu. Hann sagðist hafa farið út úr rútunni í Þorlákshöfn á gatnamótum Selvogsbrautar og Sambyggðar ásamt öðrum félögum þeirra en ákærði fór ekki á sama stað úr rútunni. Sagði hann að rútan hafi síðan stoppað nánast beint fyrir utan húsið heima hjá Brynjólfi og hann hafi hitt ákærða þar. Hann mundi eftir orðaskiptum á staðnum um símann eða flöskuna sem átti að hafa verið kastað í ákærða í rútunni. Hann mundi ekki eftir að nein högg hafi átt sér stað utan að eitt högg hafi lent í Brynjólfi. Hann sá ekki höggið sjálft en sá Brynjólf halda um munninn á sér. Hann hafi séð að Brynjólfur ýtti við ákærða og þá hafi ákærði svona sveiflað hendinni upp sem lenti á Brynjólfi. Einhverjir strákar hafi komið á vettvang í framhaldi bara til að tala.

Vitnið Davíð Ómar Gunnarsson lögreglumaður kom fyrir dóminn. Sagði vitnið að hann ásamt öðrum lögreglumanni hafi verið kallaðir til að Setbergi 7, Þorlákshöfn. Ekkert hafi verið í gangi þá og ákærði farinn af vettvangi. Hann hafi séð þá að það hafi verið þroti í vör á Brynjólfi og los á tönnum. Hann gæti ekki staðfest hvort tönn hafi verið klofin á þeim tíma. Hins vegar hafi verið verulegur þroti á neðri kjálka á Brynjólfi. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dómi.

Áverkavottorð gefið út af Erni Ernst Gíslasyni, tannlækni þann 16. desember 2005 liggur fyrir í málinu. Kemur þar fram að Brynjólfur hafi komið í skoðun þann 14. nóvember sl, en hann hafi fengið hnefahögg í andlitið aðfararnótt 12. nóvember 2005. Brynjólfur hafi fengið bráðahjálp tannlæknis daginn eftir atburðinn, þar sem kvika tannar 32 hafi verið fjarlægð og tönnin síðan rótfyllt af Gunnari Torfasyni tannlækni. Tennur 31 og 41 séu mikið brotnar og eins og fram komi í bréfi Gunnars Torfasonar sé hugsanlegt að rótfylla þurfi þær síðar. Gera þurfi við allar tennurnar þrjár með postulínsheilkrónum. Einnig liggur frammi í málinu bréf frá Gunnari Torfasyni tannlækni dags. 14. desember 2005. Segir þar um tönn 32. „ Greining: Brotin tönn eftir áverka. Úthreinsuð tönn að hluta.....Umsögn og horfur: Horfur

tannarinnar eru óvissar vegna áverkans. Líklegt er þó að allt fari vel. Ég bið þig að hafa eftirlit með tönninni í framtíðinni og gefa tíma fyrir endanlega fyllingu. Tennur 31 og 41 eru vítal skv. skoðun 23. 11.05. Fylgjast þarf með þeim því mögulega getur komið drep í kviku, því afleiðingar áverkans geta komið fram síðar.”

Það kom fram hjá vitninu Brynjólfi að búið væri að laga tennur hans, krónur hafi verið settar á þrjár tennur í neðri góm og gert við brot í tönn í efrigóm. Engin gögn voru lögð fram því til stuðnings.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök í málinu en viðurkennir að hafa slengt vinstri hendi afturfyrir sig og þá hafi hann hugsanlega hitt í andlit Brynjólfs. Hafi svo verið þá hafi það verið óviljaverk. Umrætt högg hafi komið í kjölfari að vitnin Örvar og Brynjólfur hafi verið að ýta við sér en atburður þessi átti sér stað fyrir utan hús númer 7 við Setberg í Þorlákshöfn aðfaranótt 12. nóvember 2005.

Atvikalýsing er nokkuð ljós samkvæmt gögnum málsins og vætti hér fyrir dóminum. Öllum ber saman um að við heimför af dansleik á Selfossi aðfaranótt 12. nóvember 2005 hafi orðið ágreiningur í rútu sem flutti dansgesti frá Selfossi til Þorlákshafnar en ekki um það hvort og þá hver hefði kastað síma eða flösku í höfuð ákærða. Það deilumál var ekki upplýst við rannsókn máls þessa enda ekki sakarefni sem ákært er fyrir í máli þessu þó svo að það hafi verið hugsanleg upptök að þeirri líkamsárás sem átti sér stað í kjölfari. Vitnum og ákærða ber saman um það að allir nema ákærði hafi farið úr rútnni á gatnamótum Selvogsbrautar og Sambyggðar umrædda nótt utan að vitnið Ingvi Þór sem taldi fyrir dómi að hann hefði farið úr rútnni ásamt vitninu Eyþór í Setberginu. Það ósamræmi skiptir þó ekki máli í niðurstöðum dómsins. Ljóst er að ákærði, brotþoli, vitnin, Örvar, Ingvi og Eyþór voru allir samankomnir fyrir framan hús nr. 7 við Setberg í Þorlákshöfn. Bera allir í málinu að þá hafi atburðurinn í rútnni fyrr um nóttina verið ágreiningsefnið og ákærði og brotþoli verið að ýta við hvorum öðrum. Hvort ákærði ýtti við brotþola fyrst eða öfugt skiptir ekki máli hér þar sem ekki voru um slagsmál að ræða né þykir sannað að brotþoli hafi átt upptök að árás ákærða eða mátt kenna sér um. Brotþoli sá þegar ákærði veitti honum umrætt högg. Er það engum vafa undirorpið að það hafi verið ákærði sem veitti höggið, enda hefur hann ekki neitað því þar sem hann segist hafa slengt vinstri hendinni í átt að brotþola. Segir hann það hins vegar hafa verið óviljaverk ef hann hafi brotið tennur í brotþola. Vitnin Örvar og Ingvi Þór staðfestu fyrir dómi að þeir hefðu séð þegar ákærði veitti brotþola umrætt högg. Ákærði hafi slegið brotþola beint á andlitið og þegar það gerðist þá hafi þeir snúið á móti hvorum öðrum. Var framburður þeirra í samræmi við framburð hjá lögreglunni. Vitnið Eyþór bar fyrir lögreglu að ákærði muni hafa sveiflað annarri hendinni og hún hafnað í andlitinu á brotþola en hann kvaðst hins vegar ekki hafa séð hvernig það gerðist en man að brotþoli tók fyrir munninn á sér. Fyrir dómi bar hann á sama hátt.

Vitnisburður ákærða um aðdragandann að árásinni er í flestu í samræmi við framburð vitna. Hins vegar er frásögn hans um höggið sjálft ótrúverðug. Ótrúlegt er að ef ákærði hefur slegið með vinstri hendi aftur fyrir sig eins og hann lýsir aðstæðum, þá hefur hann snúið baki í brotþola, að hafa valdið því tjóni sem raun ber vitni. Er sá vitnisburður í algjörrri andstæðu við vitnisburð annarra í málinu sem

bera allir að ákærði og brotþoli hafi snúið á móti hvorum öðrum. Eins er mjög ótrúverðug sú fullyrðing ákærða að hann hafi ekki orðið var við að tennur hafi brotnað í ákærða með hliðsjón af því sem önnur vitni bera að hann hafi skyrpt tannbrotum útúr sér á vettvangi svo og þeirri staðfestingu vitnisins Davíðs að los hafi verið á tönnum í brotþola síðar um nóttina þegar lögreglan er kölluð til. Auk þess er staðfest í áverkavottorði að þrjár tennur í neðrigóm brotþola hafi verið brotnar.

Er það því mat dómsins af öllu þessu virtu, svo hafið sé yfir allan skynsamlegan vafa, að lögfull sönnun liggja fyrir um að ákærði hafi veitt brotþola högg á andlitið eins og í ákæru greinir með þeim afleiðingum að þrjár tennur í neðrigóm brotþolu svo að rótfulla þurfti þær og smíða á þær postulínsheilkrónur. Hefur ákærði því unnið sér til sakar.

Fyrir dóminum liggur matsgerð Leifs N. Dungal sérfræðings í heimilislækningum og Högna Óskarssonar sérfræðings í geðlækningum vegna mats á örorku ákærða eftir umferðarslys sem hann varð fyrir í desember 2003. Kemur fram í matsgerðinni að ákærði eigi bæði við geðrænar og líkamlega afleiðingar slyssins að stríða. Upplýsti ákærði fyrir dóminum að hann væri bæði á lyfjum vegna ofvirkni svo og á svefnlyfjum. Þrátt fyrir það mátti ákærði gera sér fyllilega grein fyrir þeim afleiðingum sem af hnefahöggi í andlit geta leitt. Er ekkert við andlega eða líkamlega heilsu hans að athuga sem hefði átt að geta skert dómgreind hans. Þar fyrir utan hefur komið fram að hann neyti ekki áfengis og var ekki ölvaður í umrætt sinn.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki gerst sekur um refsivert brot. Við ákvörðun refsingar er horft til ungs aldurs ákærða og sakarferils hans.

Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 165. gr. laga nr. 19/1991 skal ákærði greiða allan sakarkostnað, 6.600 krónur, auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Jónssonar, hrl., sem ákvarðast 109.560.- krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Ákærði, Jóhann Arnar Jóhannsson, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, 6.600 krónur vegna áverkavottorðs og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Jónssonar hrl., 109.560.- krónur að

meðtöldum virðisaukaskatti.

Ástríður Grímsdóttir.